

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda  
 og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. reglugerð nr. 742/1998.**

1. gr.

Við reglugerðina bætast 3 nýjar greinar sem verða 28., 29. og 30. gr. og falla undir V. kafla reglugerðarinnar.

a. (28. gr.)

*Hlutverk lífeyrissjóða í innheimtu vangoldinna iðgjalda.*

Lífeyrissjóðum ber að innheimta vangoldin iðgjöld vegna sjóðfélaga sinna á grundvelli upplýsinga frá ríkisskattstjóra samkvæmt 27. gr.

Þegar lífeyrissjóði hafa borist upplýsingar frá ríkisskattstjóra um vangoldin iðgjöld skal hann yfirfara þær og tilkynna ríkisskattstjóra, án ástæðulausrar tafar, um þá aðila sem sjóðnum er kunnugt um að eigi ekki aðild að sjóðnum.

Ef ríkisskattstjóri hefur ekki upplýsingar um sjóðsaðild þeirra einstaklinga sem lífeyrissjóðir tilkynna um samkvæmt 2. mgr., skal hann senda Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda kröfurnar til innheimtu.

b. (29. gr.)

*Framkvæmd innheimtu.*

Fyrirkomulag og framkvæmd innheimtu er á ábyrgð viðkomandi lífeyrissjóðs. Honum ber að hefja innheimtu án ástæðulausrar tafar og beita þeim úrræðum sem tæk eru að lögum með hliðsjón af þeim hagsmunum sem í háfi eru og halda innheimtuaðgerðum áfram með eðlilegum hraða til þess að tryggja örugga innheimtu vangoldinna iðgjalda.

Ef almennar innheimtuaðgerðir duga ekki skal lífeyrissjóður leitast við að afla trygginga með fjárnámi hjá greiðsluskyldum aðila eða með öðrum hætti sem tryggir hagsmuni rétthafa. Í þeim tilvikum sem vænta má að trygging standi undir greiðslu vangoldins iðgjalds að hluta eða öllu leyti, skal ganga að tryggingunni ef aðrar leiðir til innheimtu skila ekki árangri. Í þeim tilvikum þegar skuldari vangoldinna iðgjalda er annar en rétthafi skal fara fram á gjaldþrotaskipti skuldara ef ástæða er til að ætla að það muni tryggja hagsmuni rétthafa.

c. (30. gr.)

Ríkisskattstjóri skal kalla eftir upplýsingum frá lífeyrissjóðum um framkvæmd innheimtu þeirra iðgjalda sem þeim ber að annast á grundvelli þeirra skráa sem ríkisskattstjóri sendir lífeyrissjóðunum samkvæmt 27. gr. Ríkisskattstjóri getur sett nánari reglur um með hvaða hætti og á hvaða formi upplýsingunum skal skilað. Lífeyrissjóður skal senda ríkisskattstjóra upplýsingarnar innan 10 virkra daga frá því að um þær er beðið.

Ríkisskattstjóri skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um innheimtu lífeyrissjóðanna á vangoldnum iðgjöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 6. gr. og 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. mars 2001.*

F. h. r.  
**Baldur Guðlaugsson.**

*Tómas N. Möller.*